

# Fornleifarannsókn í Móakoti 2017

## *Framvinduskýrsla*

---



**Arena Huld Steinarsdóttir  
Björgvin Már Sigurðsson  
Hólmfríður Sveinsdóttir  
Indriði Skarphéðinsson  
Sólrún Inga Traustadóttir  
Védís Eir Snorradóttir**



**Háskóli Íslands  
Reykjavík 2018**

Fornleifarannsókn í Móakoti 2017

© Háskóli Íslands

© Arena Huld Steinarsdóttir, Björgvin Már Sigurðsson, Hólmfríður Sveinsdóttir, Indriði Skarphéðinsson, Sólrún Inga Traustadóttir og Védís Eir Snorradóttir.

Ritstjóri Sólrún Inga Traustadóttir.

Ljósmyndir eru teknar af höfundum þessarar skýrslu nema annað sé tekið fram í myndatexta.

Forsíðumynd: Móakot 2017. Yfirlitsmynd í blíðskaparveðri á meðan rannsókn stóð þann 19. maí 2017. Horft í norðaustur. Ljósmyndari: Sólrún Inga Traustadóttir. Mynd nr. 194 í ljósmyndaskrá.

Háskóli Íslands  
Reykjavík 2018

## Efnisyfirlit

Myndaskrá .....	4
1. Inngangur.....	5
2. Bæjarstæði Móakots – framvinda .....	6
3. Uppgröfturinn 2017.....	8
3.1. Aðferðafræði .....	8
3.2. Markmið .....	8
3.3. Lýsingar á byggingum og öðrum mannvirkjum .....	9
Mannvirki D .....	9
Rými E .....	10
Mannvirki F.....	11
Móöskuhaugur [86005] við byggingu A.....	11
Öskuhaugur 100 .....	12
4. Gripir.....	13
4.1. Leir.....	14
4.2. Gler .....	15
4.3. Málmar .....	15
4.4. Bein.....	16
4.5. Steinn.....	16
4.6. Gjall.....	17
4.7. Viður .....	17
4.8. Lífrænt efni .....	18
5. Sýni .....	19
6. Umræða.....	19
7. English summary.....	21
8. Heimildir .....	24
9. Viðaukar.....	26
9.1. Flæðirit fyrir opið svæði í Móakoti .....	26
9.2. Flæðirit fyrir könnunarskurð í öskuhaug [100].....	27
9.3. Ljósmyndaskrá 2017 -10.....	28
9.4. Einingaskrá.....	37
9.5. Sýnaskrá.....	41
9.6. Fundarskrá .....	42

## Myndaskrá

Mynd 1. Björgvin og Jóhanna við mælingar. Horft í austurátt. ....	5
Mynd 2. Yfirlitsmynd af staðsetningu Móakots á Seltjarnarnesi. Unnið í Google maps af Ómari Vali Jónssyni 2016.....	6
Mynd 3. Fólk djúpt sokkið í vinnu sinni í felti. Á mynd eru frá vinstri: Sigurbjörn, Andy, Sólrún, Björgvin, Jóhanna, Védís og Sigrún. Horft til vesturs. Ljósmynd Lara M. Hogg.....	7
Mynd 4. Loftmynd af uppgraftarsvæðinu (um 26 x 20 m) tekin á síðasta degi uppgrftar með flygildi. Ljósmynd: Garðar Guðmundsson, Fornleifastofnun Íslands ses. ....	9
Mynd 5. Mannvirki D. Horft í suður.....	9
Mynd 6. Rými E með steinahruni fyrir miðju. Horft í norðaustur. ....	10
Mynd 7. Mannvirki F. Horft í austurátt.....	11
Mynd 8. Snið í móöskuhaug [86005]. Undir haugnum sést miðaldalagið frá 1226 in situ. Horft í norðaustur. ....	12
Mynd 9. Snið sem sýnir skiptingu laga í öskuhaug [100]. Horft í vesturátt. Ljósmynd: Jakob Orri Jónasson. ....	12
Mynd 10. Lykill úr járn (2017-10-99) sem fannst í efri jarðlögum innan rýmis F. ....	13
Mynd 11. Ritið sýnir skiptingu efnisflokka sem skiptast á 328 fundanúmer.....	14
Mynd 12. Leirkersbrot af íláti 2017-10-170 sem fannst við yfirborðshreinsun á öskuhaug [100].....	14
Mynd 13. Leirkersbrot af íláti 2017-10-318 úr lagi [84877] í öskuhaug [100].....	14
Mynd 14. Ýmsir gripir úr kobarblöndu (2017-10-172) og hálsmen úr blýi (2017-10-115) neðst til hægri á mynd. ....	15
Mynd 15. Hryggjarliður úr hval (2017-10-229), rákir eftir verkfæri sjást á nokkrum stöðum á beininu. ....	16
Mynd 16. Heill haus af fiskisleggju (2017-10-224) ....	17
Mynd 17. Lítil viðargripur (2017-10-183) sem gæti verið horn af ramma. ....	17
Mynd 18. Öskuhaugur [100] grafinn og sigtaður. Horft í vesturátt. ....	18
Mynd 19. Skipting efnisflokka úr öskuhaug [100]. ....	18
Mynd 20. Védís (til vinstri) og Sigrún (til hægri) kátar að sigta þrátt fyrir smá kulda. ....	19
Mynd 21. Jakob Orri heldur á peði úr beini (2017-10-124) sem fannst í öskuhaugnum [100].....	20
Mynd 22. Sólrún Inga heldur á draglóð (2017-10-225) sem fannst við bakdyr á byggingu A. Ljósmynd Lara M. Hogg.....	20
Mynd 23. Hópmynd af nemendum. Frá vinstri: Védís Eir Snorradóttir, Björgvin Már Sigurðsson, Sigurbjörn Bjarnason, Andy Jacques Serge Kellogg, Sigrún Hannesadóttir og Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir. ....	21

## 1. Inngangur

Fornleifarannsókn í Móakoti á Seltjarnarnesi var framkvæmd í fimmta sinn vorið 2018, frá 8. maí - 2. júní. Rannsóknin er á vegum Háskóla Íslands og í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands og Seltjarnarnesbæ. Uppgröfturinn er hluti af vettvangsnámi BA nemenda í fornleifafræði við Háskóla Íslands en 2017 var síðasta árið sem rannsóknarsvæðið var notað til kennslu en uppgreftri verður haldið áfram næstu árin á vegum Háskóla Íslands undir stjórn Dr. Gavin Lucas.

Uppgrafтарыleyfi var veitt af Minjastofnun Íslands og fékk rannsóknin leyfisnúmerið 201504-0125 og safnnúmer 2017-10 hjá Þjóðminjasafni Íslands. Stjórnandi uppgrafтары var Sólrún Inga Traustadóttir og henni innan handar voru tveir leiðbeinendur: Dr. Lara Melissa Hogg og Hermann Jakob Hjartarson fornleifafræðingur sem unnu um tvær vikur hvort um sig. Jakob Orri Jónsson fornleifafræðingur og doktorsnemi sá um að taka könnunarskurð í öskuhaug rétt norðan af uppgrafтарыsvæðinu. Með honum var Hulda Björk Guðmundsdóttir, mastersnemi í fornleifafræði en þau voru eina viku á vettvangi. Rannsókn á öskuhaugnum tengist doktorsrannsókn Jakobs Orra sem fjallar m.a. um einokunarverslun Dana á Íslandi á 17. og 18. öld. Garðar Guðmundsson hjá Fornleifastofnun Íslands kom á vettvang og tók loftmyndir úr dróna/flygildi. Sigríður Þorgeirsdóttir forvörður á Þjóðminjasafninu sér um forvörslu gripa og kom á vettvang og fór yfir helstu atriði um umhirðu gripa við uppgröft. Nemendur sem tóku þátt í rannsókninni voru sex: Andy Jacques Serge Kellogg, Björgvin Már Sigurðsson, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, Sigrún Hannesdóttir, Sigurbjörn Bjarnason og Védís Eir Snorradóttir.



Mynd 1. Björgvin og Jóhanna við mælingar. Horft í austurátt.

Sérstakar þakkir fær Ragnheiður Traustadóttir fyrir hjá Antikva ehf. fyrir aðstoð við gagnagrunn og fyrirtækið Munck Íslandi fyrir afnot af aðstöðu.

## 2. Bæjarstæði Móakots – framvinda

Móakot er í landi Seltjarnarnesskaupsstaðar á framnesinu miðju, um það bil 15 metra NNA af Nesstofu. Hnit: N 409711,708 A 353750,133 H 10,969.



Mynd 2. Yfirlitsmynd af staðsetningu Móakots á Seltjarnarnesi. Unnið í Google maps af Ómari Vali Jónssyni 2016.

Talsvert hefur verið rannsakað af fornminjum út á Seltjarnarnesi og nær saga rannsókna aftur um nokkra áratugi (sjá m.a. Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1990; Orri Vésteinsson 1995; Guðmundur Ólafsson 1997; Kristinn Magnússon og Guðmundur Ólafsson 2006; Guðmundur Ólafsson og Hansen S.C.J. 2007; Guðrún Alda Guðmundsdóttir 2015). Bæjarfélagið Seltjarnarnes er líka eitt af þeim fyrstu bæjarfélögum til að framkvæma fornleifaskráningu og voru meiri hluti minjarnar sem skráðar voru tengdar hersetu eða sjósókn.<sup>1</sup> Það verður ekki fjölýrt hér um eldri rannsóknir á öllu nesinu en upplýsingar um þær má nálgast í Framvinduskýrslum 2016 og 2014, hér verður þó farið stuttlega yfir hvað komið hefur í ljós síðustu ár við uppgrefti á bæjarstæði Móakots.

<sup>1</sup> Birna Gunnarsdóttir 1995.

Uppgröftur í Móakoti hófst árið 2013 og hefur farið fram árlega síðan. Þá var opnað 13 x 16 metra uppgraftarsvæði á bæjarhólnum, ásamt því að eitt af hringlaga gerðunum (Gerði 19) sem eru á nesinu var rannsakað.<sup>2</sup> Á árunum 2013 og 2014 var mannvirki **A** grafið fram en það virðist hafa a.m.k. þrjú byggingarstig. Mannvirkið var stækkað til austurs auk þess að hringlaga byggingu var bætt við norðurhlíð þess. Árið 2015 var svæðið stækkað 10 metra til vesturs og komu þá tvö önnur mannvirki í ljós, **B** og **C**. Sama ár sást móta fyrir mannvirki **D** í norðvesturhorni svæðisins.<sup>3</sup> Árið 2016 var mannvirki **B** fjarlæggt og kom þá mannvirki **D** enn betur í ljós. Það árið var einnig unnið í því að grafa mannvistarlög utan bygginganna og í þeim fannst mikið magn dýrabeina og sérstaklega fiskibein og skeljar.<sup>4</sup> Árið 2015 fór fram fornleifakönnun á vegum Fornleifastofnunar Íslands í jaðri bæjastæðis Móakots og á túninu norðan og austan við bæjarstæðið. Könnunin fór fram vegna byggingaframkvæmda á svæðinu. Helstu niðurstöður voru þær að mikið magn af móösku var að finna í túninu og þær mannvistarleifar sem komu í ljós voru afar staðbundnar. Einnig fannst öskuhaugur Móakots í jaðri bæjarstæðisins.<sup>5</sup> Þessar niðurstöður urðu til þess að ákveðið var að grafa könnunarskurð í öskuhauginn árið 2017.



Mynd 3. Fólk djúpt sokkið í vinnu sinni í folti. Á mynd eru frá vinstri: Sigurbjörn, Andy, Sólrún, Björgvín, Jóhanna, Védís og Sigrún. Horft til vesturs. Ljósmynd Lara M. Hogg.

<sup>2</sup> Sjá nánar Haraldur Þór Hammer Haraldsson og Hrafnhildur Helga Halldórsdóttir 2013.

<sup>3</sup> Þórunn Karólína Pétursdóttir, Sylvía Oddný Arnardóttir og Sólrún Inga Traustadóttir 2015.

<sup>4</sup> Bóel Hörn Ingadóttir, Florencia Bugallo Dukelsky, Margrét Jóhannsdóttir, Ómar Valur Jónasson, Rannveig Þórhallsdóttir og Sólrún Inga Traustadóttir 2017.

<sup>5</sup> Guðrún Alda Gísladóttir 2015, bls. 2-3.

## 3. Uppgröfturinn 2017

### 3.1. Aðferðafræði

Við uppgröftinn var notast við einingaaðferðina (e. single context recording). Það felur í sér að hvert mannvistarlag á svæði er skráð sem stök eining. Á þetta jafnt við um jarðlag, holu eða byggingarhluta. Síðan er hver eining mæld með alstöð á vettvangi og fær þá hlaupandi númer. Hver eining er ljósmynduð og lýst á sérstökum skráningarblöðum. Öllum mælingum með alstöð er síðan hlaðið niður í gagnagrunninn Intrasis (e. Intra-site Information System).<sup>6</sup> Skrár voru haldnar yfir ljósmyndir, fundi og sýni. Úrvinnsla fór fram í Háskóla Íslands í námskeiðinu *Aðferðafræði II* haustið 2017. Gripir voru allir skráðir í Sarp ([www.sarpur.is](http://www.sarpur.is)) og lýst stuttlega en á eftir að bæta þá skráningu. Ekki gafst tími til að setja inn á Sarp ljósmyndir eða gera gripagreiningar. Fundaskrá má finna í viðaukum aftast í þessari skýrslu, ásamt jarðlagaskrá, ljósmyndaskrá og flæðiriti sem sýnir samhengi jarðlaga.

### 3.2. Markmið

Rannsóknin á bæjastæði Móakots er hluti af stærra langtímaverkefni sem snýr að því að rannsaka fornleifar í Nesi og nágrenni. Markmið er annars vegar að rannsaka efnismenningu 18. aldar hjáleigubúskaps og hins vegar veita nemendum í fornleifafræði uppgrafarreynslu. Einnig er markmið rannsóknarinnar að komast að því hvenær búseta hófst í Móakoti og hvenær kotið var yfirgefið. Áætlun rannsóknar árið 2017 var að; a) rannsaka byggingu **D** í norðurhorni uppgrafarsvæðisins; b) fjarlægja yngstu vegg byggingar **A** og grafa móöskuhauginn sem er austan við byggingu **A**; c) opna könnunarskurð á öðrum öskuhaug norður af svæðinu sem kom í ljós við framkvæmdarannsókn 2015. Þessi áætlun stóðst að öllu leiti nema ekki náðist að rannsaka byggingu **D** að fullu en stefnt er að klára hana sumarið 2018. Tvö ný rými komu í ljós þetta árið á norðvesturhluta svæðisins og fengu þau bókstafina **E** og **F** (sjá mynd 4). Könnunarskurðurinn sem gerður var í öskuhauginn norður af svæðinu fékk númerið **[100]** og var 2 x 2 m að stærð.

---

<sup>6</sup> Bóel Hörn Ingadóttir ofl. 2017.





Mynd 4. Loftmynd af uppgriftarsvæðinu (um 26 x 20 m) tekin á síðasta degi uppgriftar með flygildi. Ljósmynd: Garðar Guðmundsson, Fornleifastofnun Íslands ses.

### 3.3. Lýsingar á byggingum og öðrum mannvirkjum

Hér verður fjallað um þau mannvirki og rými sem grafin voru árið 2017 í Móakoti, ásamt tveimur öskuhaugum sem fundust á bæjarstæðinu.

#### Mannvirki D



Mynd 5. Mannvirki D. Horft í suður.

Mannvirki **D** liggur í norðvestur horni uppgraftarsvæðisins og kom í ljós þegar **B** var fjarlæggt árið 2016. Mannvirkið var hlaðið með torfi og grjóti og inn í því var þykkt foklag [81658] sem var mett af kolum og dýrabeinum, aðallega fiskibein. Undir foklaginu kom í ljós móöskulag [85268] og í kringum það voru hlaðnir steinar sem túlkað hefur verið sem sennilegt eldstæði. Ekki gafst tími til að grafa eldstæðið eða gólf byggingarinnar í þessum áfanga en áætlað er að grafa mannvirkið sumarið 2018.

### Rými E

Rými **E** er staðsett við norðurhorn uppgraftarsvæðis austan við mannvirki **D**. Rýmið er aflangt og afmarkast af grjóthlöðnum veggjum sem liggja samsíða frá norðaustri til suðvesturs en þykkt torf [83325] afmarkar rýmið á suð-vesturenda þess. Sennilegt er að torfið sé eldri torfveggur en þeir veggir sem innihalda grjóthleðslur beggja megin við rýmið. Svæðinu innan mannvirkisins var skipt upp í tvær einingar vegna litamunar á jarðveginum: norð-austur hluti þess var dekkri og mögulega gólfag [84153] en suð-vestur hlutinn var ljósari [84125] þar sem veggjahrun lá í og sést hér á myndinni fyrir neðan. Við austari vegginn fannst snældusnúður úr steini árið 2016<sup>7</sup> en þá sást einungis móta fyrir veggjahleðslum á svæðinu. Rýmið verður rannsakað frekar á næstu árum.



Mynd 6. Rými E með steinahruni fyrir miðju. Horft í norðaustur.

<sup>7</sup> Bóel Hörn Ingadóttir ofl. 2017, bls. 18.

## Mannvirki F

Mannvirki **F** er staðsett vestur við rými **E** og suð-vestur við **D** sem það deilir vegg með. Inngangur inn í mannvirkið er á austurhlíð, sunnarlega. Suðvesturhluti þess er raskaður vegna seinni tíma mannvirkis, **C**. Í efsta jarðlagi fannst rauðleirbrot af íláti (2017-10-156) og brotin sakka (2017-10-217). Í mannvirkinu var að finna mikið magn af skeljamulningi, svokallað skeljalag [84783], sem þakti austur horn byggingarinnar og gekk upp á austurvegginn. Lítið var að gerast í öðrum hluta byggingarinnar. Undir skeljalaginu fundust nokkur bein og eitt stórt hvalabein (2017-10-229) en einnig fannst hvalbein í innganginum [84021]. Mannvirkið er sennilegast einhverskonar vinnsluhús þar sem skelfiskur hefur verið unninn og notaður í beitu. Húsið verður rannsakað nánar á næstu árum.



Mynd 7. Mannvirki F. Horft í austurátt.

## Móöskuhaugur [86005] við byggingu A

Móöskuhaugur [86005] hefur verið á austurhluta uppgriftarsvæðis síðan uppgröftur hófst í Móakoti árið 2013 og í ár var ákveðið að taka könnunarskurð þvert í gegnum hauginn frá austurvegg byggingar A út að enda uppgriftarsvæðisins til austurs. Skurðurinn var 8.4 m á lengd og 35 cm á breidd og var um 60 cm djúpur. Engir gripir fundust í skurðinum en nokkur brennd bein og kolaleifar komu fram. Í skurðinum kom í ljós að móöskuhaugurinn var um 40 cm þykkur þar sem hann var dýpstur. Undir haugnum var miðaldalagið frá 1226 in situ og hefur hann því verið í notkun eftir þann tíma, a.m.k. fram til um 1500. Undir miðaldalaginu var að finna mannvistarlög, þá helst móöskulinsur. Öskuhaugurinn heldur áfram undir byggingu A til vesturs. Haugurinn samanstendur eingöngu af móösku, brenndum beinum og kolum.



Mynd 8. Snið í móöskuhaug [86005]. Undir haugnum sést miðaldalagið frá 1226 in situ. Horft í norðaustur.

### Öskuhaugur 100

Kannaður var öskuhaugur á bæjarstæði Móakots sem lá nokkra metra norðan við uppgraftarsvæðið. Skurðurinn var 2 x 2m að stærð en var síðar minnkaður í 1 x 1m. Yfirborð haugsins samanstóð af ösku, sóti, mold og móösku en í neðri jarðlögum kom í ljós mikið af beinum, þá sérstaklega fiskibeinum. Undir neðsta jarðlagi haugsins fannst gjóska frá Kötlu 1500. Töluvert af áhugaverðum gripum fundust í haugnum, þ.á.m. tveir taflmenn, blýhálsmen, mannstönn, krabbaklær, leirkersbrot úr pottum ofl.



Mynd 9. Snið sem sýnir skiptingu laga í öskuhaug [100]. Horft í vesturátt. Ljósmynd: Jakob Orri Jónasson.


## 4. Gripir

Alls voru 328 fundarnúmer skráð við rannsókn Móakots árið 2017. Hér verður gripunum skipt upp eftir efnisflokkum og rætt um hvern efnisflokk fyrir sig, annarsvegar á uppgriftarsvæðinu og hinsvegar í könnunarskurði [100]. Einnig verður fjallað um sýni sem tekin voru í Móakoti 2017. Stór hluti fundarnúmeranna tilheyra yfirborðslögum sem fundust þá við hreinsun eftir að svæðið var opnað að nýju. Alls 59 númer eða um 18% af skráðum númerum. Algengasti efnisflokkurinn eru bein eða um 37% af öllu safninu en næst algengasti efnisflokkurinn eru málmar sem eru með 99 fundarnúmer eða um 30% af öllu safninu.



Mynd 10. Lykill úr járni (2017-10-99) sem fannst í efri jarðlögum innan rýmis F.

Af 328 fundarnúmerum koma 268 frá uppgriftarsvæðinu en 61 númer tilheyra öskuhaug þar sem sem könnunarskurður [100] var tekinn, um 10 m norðaustur af uppgriftarsvæðinu. Stærsta fundasafnið kemur úr svörtu öskulagi [84877] eða 19 fundir, um 31% af öllum gripum haugsins. Næst á eftir eru bein með 18 númer. Hafa þarf í huga að fundarnúmerið (2017-10-131) úr haugnum stendur upp úr þar sem beinasafnið undir þessu númeri samanstendur af 14 pokum af blönduðum fiski- og dýrabeinum úr lagi [85580] og er alls um 10 kg að þyngd.




Mynd 11. Ritið sýnir skiptingu efnisflokka sem skiptast á 328 fundanúmer.

#### 4.1. Leir

Leirgripir eru skráðir á 41 fundarnúmer en þar á meðal eru fyrst og fremst ílát, bæði úr rauðleir og hvítleir, sem voru oft glerjuð og sum brotin skreytt (t.d. 2017-10-149). Einnig fundust múrsteinar (2017-10-158 og 2017-10-227) og krítarpípubrot (2017-10-162).



Mynd 12. Leirkersbrot af íláti 2017-10-170 sem fannst við yfirborðshreinsun á öskuhaug [100].



Mynd 13. Leirkersbrot af íláti 2017-10-318 úr lagi [84877] í öskuhaug [100].

## 4.2. Gler

Gripir úr gleri eru skráðir á 12 fundarnúmer, flestir virðast vera úr ílátum, fyrst og fremst flöskum, en einnig fannst glerbrot sem gæti verið úr passaglasí (2017-10-328) í öskuhaug [100]. Árið 2016 fannst einnig brot úr passaglasí (2016-21-90) en passaglös voru verðmæt drykkjarglös úr grænleitu gleri, oftast með kantaðri hlið.<sup>8</sup>

## 4.3. Málmar

Þeir járngrípír sem fundust við uppgröftin eru skráðir á 80 fundarnúmer, um það bil 97 brot alls. Helstu gripír meðal þeirra voru lykill (2017-10-99) og hnífur (2017-10-101) en járngrípírnir einkenndust af nöglum, rónöglum og ógreinanlegum járnþútum. Aðrir málmar en járn falla undir 19 fundarnúmer. Var þá fyrst og fremst um að ræða gripír úr koparblöndu. Flestir þessir gripír voru málmþynnur eða málmleingjur en sum þeirra gætu verið brot úr reiðtygi (t.d. 2017-10-174). Einnig er þar að finna koparhnapp (2017-10-113) og tvö brot sem virðast vera önglar (2017-10-71 og 179). Hálsmen úr blýi (2017-10-115) fannst í öskuhaug [100], jarðlagi [85580].



Mynd 14. Ýmsir gripír úr koparblöndu (2017-10-172) og hálsmen úr blýi (2017-10-115) neðst til hægri á mynd.

<sup>8</sup> Guðmundur Ólafsson 2013, bls. 79.

#### 4.4. Bein

Hundrað tuttugu og tveir fundir voru úr beini sem að mestu leiti eru fiski-, fugla og önnur dýrabein, bæði óbrennd og brennd. Búið er að bora holu í nokkur leggjabein og einnig í hvalbein (2017-10-228). Í beinasafninu eru þó tveir unnir gripir; taflmenn (2017-10-124 og 150). Annar er greinilega það en hinn á eftir að greina nánar. Taflmennirnir fundust báðir í öskuhaug [100]. Einnig fannst tönn úr manni (2017-10-197) í yfirborðslagi öskuhaugsins og er hún talin vera nýleg þar sem enn má sjá glerjung á hluta hennar. Önnur áhugaverð bein voru stór hvalabein úr hryggjaliðum (2017-10-228 og 229), tvær fuglshauskúpur (2017-10-27 og 196) ásamt fjölda annarra fuglabeina.



Mynd 15. Hryggjarliður úr hval (2017-10-229), rákir eftir verkfæri sjást á nokkrum stöðum á beininu.

#### 4.5. Steinn

Steinfundir eru skráðir á 15 fundarnúmer. Má þar nefna tvö brýni (2017-10-116 og 326) ásamt tveimur brýnisbrotum (2017-10-214 og 264). Öll eru úr flögubergi. Tvær sökkur (2017-10-217 og 2017-10-226), tvær fiskisleggjur (fiskisleggjubrot 2017-10-223 og fiskisleggja 2017-10-224) og draglóð (2017-10-225) fundust við uppgröftinn ásamt ógreindu steinverkfæri (2017-10-216). Kljásteyn (2017-10-222) fannst í jarðlagi [86005] en hann gæti gefið vísbendingu um aldur svæðisins þar sem vefstólar verða algengir hérlendis undir lok 18. aldar og virðast taka alveg yfir gömlu vefstaðin um miðja 19. öld.<sup>9</sup> Því mætti ætla að kljásteyninn sé ummerki þess að um eldri minjar sé að ræða en frá miðri 19. öld þar sem þessi gripur var notaður í hina gömlu vefstaði. Snældusnúður sem fannst árið 2016 (2016-21-1), gefur einnig

<sup>9</sup> Elsa E Guðjónsson 1994, bls. 5.



vísbendingu um eldri byggð á bæjarstæðinu en rokkurinn varð ekki algengur héraendis fyrr en á 19. öld en fyrir þann tíma var notast við halasnældu.<sup>10</sup> Kljásteynar og snældusnúðar voru því notaðir héraendis frá landnámi fram á 19. öld og því er erfitt að nota þá til að tímasetja minjar Móakots nákvæmlega. Það sama gildir um brýni úr innfluttu flögubergi en þau voru í notkun héraendis frá landnámi fram á 20. öld.<sup>11</sup>



Mynd 16. Heill haus af fiskisleggju (2017-10-224) sem fannst undir austurvegg í byggingu A.



Mynd 17. Lítil viðargripur (2017-10-183) sem gæti verið horn af ramma.

#### 4.6. Gjall

Nítján fundarnúmer eru skráð undir gjall en mikið er af léttum gjallmolum á svæðinu og hafa sennilegast myndast þegar mórinn er brenndur í eldstæðum. Líkist a.m.k. ekki smíðagjalli.

#### 4.7. Viður

Skráðir voru 14 fundanúmer úr viði sem eru flest viðarflísar eða óáþekkjanlegir bútar. Gripur 2017-10-183 er áhugaverður en hann er vel varðveittur og gæti verið horn af ramma. Gripurinn er með ferhyrndu horni sem er bogið að innanverðu (sjá mynd 17). Einnig fannst ferhyrndur lítill kubbur (2017-10-126) sem var vel varðveittur. Báðir gripirnir fundust í könnunarskurði [100] í öskuhaug.

<sup>10</sup> Kristján Eldjárn 1948, bls. 141-142.


<sup>11</sup> Juel Hansen 2011. bls. 65.



Mynd 18. Öskuhaugur [100] grafinn og sigtaður. Horft í vesturátt.

#### 4.8. Lífrænt efni

Aðeins eitt fundarnúmer var skráð sem lífrænt efni (2017-10-117) en í því eru fimmtán bitar af lífrænu efni sem hefur ekki verið greint.



Mynd 19. Skipting efnisflokka úr öskuhaug [100].

## 5. Sýni

Fimm sýni voru tekin við uppgröftinn; plöntusýni úr jarðlagi [85580] í öskuhaug [100], þrjú viðarkol úr sama jarðlagi auk fjögurra mola úr óþekktu léttu og frauðkenndu efni, líklega lífrænu efni. Einnig var tekið gjóskusýni úr jarðlagi [84704], fjögur brot af viðarkolum úr jarðlagi [87008] í öskuhaug [100].



Mynd 20. Védís (til vinstri) og Sigrún (til hægri) kátar að sigta þrátt fyrir smá kulda.

## 6. Umræða

Uppgröfturinn í Móakoti hefur gefið innsýn í byggingarsögulega þróun staðarins. Síðustu ár hefur komið í ljós að bygging B er að öllum líkindum yngsta byggingin á svæðinu og að byggingar A og C hafa verið samtíða um skeið, þar sem þær hafa deilt vegg [71]. Árið 2016 kom bygging D undan byggingu B og var þá talin elsta bygging svæðisins en í ár var þessi bygging nánar rannsökuð ásamt tveimur nýjum rýmum sem komu í ljós og eru samtíða D; rými E og bygging F. Auk þessa mannvirkja er að finna tvo öskuhauga á bæjarstæðinu. Sá vestari; [100] og sá austari; [86005]. Austurveggur byggingar A; [81], hefur verið byggður yfir móöskuhauginn sem er aldursgreindur frá rúmlega 1226 til um 1500. Það má því ætla að

veggur [81] sé yngri en 1500 og hafi verið byggður eftir að móöskuhaugurinn var hættur í notkun. Einnig var töluvert af K-1500 gjósku að finna í veggnum. En á þessu stigi er erfitt að áætla nákvæmlega hvenær eldri hluti byggingar A var gerður.

Öskuhaugur [100] var í notkun eftir 1500 og hefur mögulega tekið við sem öskuhaugur af móöskuhauginum [86005] á austurhluta uppgraftarsvæðisins sem var í notkun til um 1500. Innihald öskuhauganna tveggja er þó afar ólíkt því sá vestari inniheldur mikið magn af úrgangi (dýrabeinum, skeljum o.s.frv.) og gripum, en sá austari samanstendur eingöngu af móösku, kolum og smá brenndum beinum. Þó fundust tvær fiskisleggjur og kljásteyn rétt við hauginn að sunnanverðu, beint undir austurvegg byggingar A.

Þetta árið bættist vel í dýrabeinasafn staðarins, þar af rúmlega 10 kg úr öskuhaug [100]. Það verður áhugavert að sjá hvað kemur út úr greiningum á dýrabeinasafninu frá staðnum því það er fjölbreytt og má sjá breytingu á tegundum í þessum eldri fasa sem komið er niður á þegar þessi skýrsla er skrifuð. Þá sérstaklega er átt við hvalbeinin sem fundust í byggingu F.



Mynd 21. Jakob Orri heldur á peði úr beini (2017-10-124) sem fannst í öskuhaugnum [100].



Mynd 22. Sólrún Inga heldur á draglóð (2017-10-225) sem fannst við bakdyr á byggingu A. Ljósmynd Lara M. Hogg.

Af hinum nýju byggingum sem komu í ljós í ár er aðeins hægt að draga ályktun um notkun einnar þeirrar, byggingar F. Í henni fannst stórt skeljalag [84783], hvalbein (2017-10-228) á ganginum (eða við inngang) og gripir svo sem sakka (2017-10-217) sem gætu verið vísbendingar þess að um vinnslurými hafi verið að ræða, þar sem m.a. hefur verið unnið með skelfisk, sérstaklega til beitu á veiðum. Mannvirki/rými D, E og F snúa í sömu átt og deila sömu veggjum. Má því telja að byggingarnar hafi verið í notkun á sama tíma um skeið en erfitt er að draga frekari ályktanir um aldur að svo stöddu, annað en að þær séu eldri en B og C.

Uppgröfturinn í Móakoti frá 2013-2017 hefur staðfest að byggð í Móakoti hafi byrjað fyrr en ritheimildir segja til um. Könnunarskurðurinn í móöskuhaug á austurhluta uppgraftarsvæðisins hefur sýnt fram á að hann hafi verið í notkun frá rúmlega 1226 til um 1500 og er því staðfest að um miðaldaminjar sé að ræða í Móakoti. Með frekari rannsóknum á Móakoti væri hægt að rannsaka nánar þessar minjar auk athuga hvort að fleiri mannvirki séu til staðar á svæðinu. Svæðið norður af byggingu A var aðeins rannsakað þetta árið en þar liggur grunur á að leynist bygging undir dökkum jarðlögum. Það er enn mörgum spurningum ósvarað um byggð í Móakoti og munu rannsóknir næstu ára varpa frekara ljósi á sögu staðarins.



Mynd 23. Hópmýnd af nemendum. Frá vinstri: Védís Eir Snorradóttir, Björgvin Már Sigurðsson, Sigurbjörn Bjarnason, Andy Jacques Serge Kellogg, Sigrún Hannesdóttir og Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir.

## 7. English summary

The annual excavation for the course *Fornleifarannsókn á Vettvangi II* (FOR406G) was conducted in May 2017. The area in which the excavation took place is in the township of Seltjarnarnes, located within the capital region of Reykjavík. The research site is a farm mound of a 18th century cottage, Móakot. According to written sources the site had been inhabited between 1703 - 1799. Previous excavation work from 2013 onwards, suggest that the farm may have been inhabited somewhat after the 1799 mark. The aim of the research is to investigate the material conditions of life in the 18th century cottage and to provide

students from the University of Iceland fieldwork experience.<sup>12</sup> However, this was the last year that the field-course was taught at Móakot. Research will nonetheless be continued at the site during the following years by the Archaeology Department at the University of Iceland.

This year's excavation focused on structures A, D, E and F as well as a peat ash midden [86005], east of building A, and midden [100], north of the excavation site. The latest wall in building A was removed. It had been built on top of the peat ash midden [86005]. Structures D, E and F are all contemporary and share the same walls. Building D, located in the north-west corner of the site, was further researched this year. In the SW corner of the structure a circular stone feature was discovered, surrounding a deposit of peat ash. This possible hearth will be examined further, alongside the rest of the building during 2018-2019. Two new structures came to light; E and F. Structure E is located east of building D. It remains unclear at this point whether E is an indoor or an outdoor area and more specifically a space between two buildings. An iron key (2017-10-99) was retrieved from this area.

Building F is located south of building D and is earlier than the previously excavated structures, B & C. This was truncated by building C at the southwest side. In the northeast corner of the building a dense shell deposit was excavated [84783]. Finds included a number of whale vertebrae with cut marks and a broken sinker. It is suggested that the building might have been a workroom of some sort, where shellfish processing for the production of fishing bait took place.

A test trench E-W oriented was dug into the midden. The midden seems to consist exclusively of ash & peat ash from hearths. Two hammer heads and a possible loom weight were retrieved at the midden's southern edge and under turf wall [81] of building A. The midden measures about 40 cm at maximum depth and is located on top of the medieval tephra layer 1226 AD. Tephra from 1500 AD (K-1500) seems to lie on top of it on the north side. In the profile of the test trench some peat ash patches were detected under the medieval layer from 1226 AD.

Another test trench of 2x2 meters was dug into another midden, [100] located northeast of the excavation area on the farm mound. K-1500 was discovered under the midden deposits so it is somewhat later than the one on the east side of structure A. It consisted of thick animal bone deposits, with ash and peat ash deposits. The deposits were sieved and all animal bones retrieved. Two chess pieces made of bone were discovered, a pawn (later phase) and a bishop (earlier phase).

---

<sup>12</sup> Bóel Hörn Ingadóttir, Florencia Bugallo Dukelsky, Margrét Jóhannsdóttir, Ómar Valur Jónasson, Rannveig Þórhallsdóttir og Sólrún Inga Traustadóttir 2017.

Other artefacts retrieved from the excavation were: fish hammers, sinkers, nails, rivets, ceramics, copper pieces, animal bones (of bird, domestic, fish and whale).

Looking at the stratigraphy, location of structures and middens it is obvious that the Móakot cottage has a few building phases. Even though tephra from the year 1500 AD can still be found in the turf walls of buildings D and F, it is believed that we have reached the earlier phases of the farm's habitation. Further investigation will be carried out at the site in the following years.

## 8. Heimildir


- Birna Gunnarsdóttir tók saman. 1995. *Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi*. Ágúst Ólafur Georgsson skráði. Birna Gunnarsdóttir vann skýrsluna fyrir Umhverfisstofnun Seltjarnarness. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- Bóel Hörn Ingadóttir, Florencia Bugallo Dukelsky, Margrét Jóhannsdóttir, Ómar Valur Jónasson, Rannveig Þórhallsdóttir og Sólrún Inga Traustadóttir. 2016. *Fornleifarannsókn í Móakoti 2016. Framvinduskýrsla*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Elsa E. Guðjónsson. 1994. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1993*. Mjöll Snæsdóttir ritstýrði. Reykjavík: Hið íslenska fornleifafélag.
- Guðmundur Ólafsson. 1997. *Nes við Seltjörn. Rannsókn í túni og vegarstæði vegna skipulags*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- Guðmundur Ólafsson og Hansen, S. C. J. 2007. *Nes við Seltjörn. Fornleifarannsóknir 2006. Framvinduskýrsla*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- Guðmundur Ólafsson. 2013. *Bessastaðarannsókn II. Kirkjugarðar og miðaldaminjar, uppgraftarsvæði 12-15*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- Guðrún Alda Gísladóttir. 2015. *Fornleifakönnun við Móakot og Safnatröð á Seltjarnarnesi. Skýrsla nr. FS573-15281*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Guðrún S. Magnúsdóttir. 1976. *Örnefnaskrá fyrir Seltjarnarnes*. Heimildamenn voru Kjartan Einarsson og kona hans Unnur Óladóttir. Örnefnin voru skráð eftir Kjartani í október 1975.
- Gylfi Björn Helgason, Kristjana Vilhjálmsdóttir og Sólrún Inga Traustadóttir. 2014. *Fornleifarannsókn í Móakoti 2014. Framvinduskýrsla*. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- JÁM III. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Gullbringu- og Kjósarsýsla, Þriðja bindi. [Önnur útgáfa]. 1980-90. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn
- Juel Hansen, Sigrid Cecilie. 2011. The Icelandic Whetstone Material - An Overview of Recent Research. Í *Archaeologia Islandica* 9, bls. 65-76.
- Kristján Eldjárn. 1948. *Gengið á reka: Tólf fornleifa þættir*, bls. 139–147. Akureyri: Bókaútgáfan Norðri.
- Kristján Eldjárn 2000. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. 2. útgáfa. Adolf Friðriksson (Ritsjóri). Reykjavík: Mál og Menning.




- Kristinn Magnússon og Guðmundur Ólafsson. 2006. *Beinafundur hjá Nesi við Seltjörn*.  
Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- Lýður Björnsson. 2006. *Básendaflóðið 1799*. Vefnir 6.
- Orri Vésteinsson. 1995. *Fornleifarannsóknir í Nesi við Seltjörn IV. Tillögur um rannsóknir og kynningu á menningarminjum í Nesi*. Skýrslunúmer: FS008-95014. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Þórunn Karólína Pétursdóttir, Sylvía Oddný Arnardóttir og Sólrún Inga Traustadóttir. 2016. *Fornleifarannsókn í Móakoti 2015. Framvinduskýrsla*. Reykjavík: Háskóli Íslands.

## 9. Viðaukar

### 9.1. Flæðirit fyrir opið svæði í Móakoti



## 9.2. Flæðirit fyrir könnunarskurð í öskuhaug [100]



### 9.3. Ljósmyndaskrá 2017 -10

Nr. Myndar	Mannvirki	Nr. Lags	Tegund lags	Myndefni, stutt lýsing	Átt	Ljósmyndari	Dags.
1		Yfirlitsmynd		Yfirlitsmynd eftir hreinsun á uppgraftarsvæði	N-A	S.B.	10/5/2017
2		Yfirlitsmynd		Yfirlitsmynd eftir hreinsun, vestari hluti	N-A	A.K	10/5/2017
3		Yfirlitsmynd		Yfirlitsmynd af miðju svæði	A-N-A	A.K	10/5/2017
4		Yfirlitsmynd		Yfirlitsmynd af austari hluta	A	A.K	10/5/2017
5		81687	Mannvistarlag	Svarbrúnt, silt, austurhlið bygging A	S-V	VES	10/5/2017
6		81687	Mannvistarlag	Svarbrúnt, silt, austurhlið bygging A	S-V	VES	10/5/2017
7		81687	Mannvistarlag	Svarbrúnt, silt, austurhlið bygging A	S-V	VES	10/5/2017
8		81687	Mannvistarlag	Svarbrúnt, silt, austurhlið bygging A	N-V	A.K	10/5/2017
9		68773	Torf	Litríkt torf í vegg [72]	Að ofan	L.B	10/5/2017
10		68773	Torf	Litríkt torf í vegg [72]	Að ofan	L.B	10/5/2017
11		81687	Mannvistarlag	Dökkbrún, silt, austurhlið byggingar A	S-V	S.H	10/5/2017
12		81687	Mannvistarlag	Dökkbrún, silt, austurhlið byggingar A	S-A	S.H	10/5/2017
13		Yfirlitsmynd	Mannvistarlag	Yfirlitsmynd e. hreinsun austan v. byggingu D	SV	S.H.	11/5/2017
14		Yfirlitsmynd	Mannvistarlag	Yfirlitsmynd e. hreinsun austan v. byggingu D	NV	S.H.	11/5/2017
15	D	81658	Mannvistarlag	Bygging D e. hreinsun	SV	S.H.	11/5/2017
16	D	81658	Mannvistarlag	Bygging D e. hreinsun	NA	S.H.	11/5/2017
17	D	Yfirlitsmynd	Steinahrún	Veggjührún úr byggingu D, yfirlitsmynd	SV	S.H.	11/5/2017
18	D	Yfirlitsmynd	Steinahrún	Veggjührún úr byggingu D, yfirlitsmynd	NV	S.H.	11/5/2017
19	A	82248	Torf	Brúnt tof með ösku, austur af Byggingu A	NV	S.B.	15/5/2017
20	A	82248	Torf	Brúnt tof með ösku, austur af Byggingu A	NV	S.B.	15/5/2017
21	A	82248	Torf	Brúnt tof með ösku, austur af Byggingu A	A	S.B.	15/5/2017

22	A	82248	Torf	Nærmynd af brúnu torfi og ösku austur af byggingu A	A	S.B.	15/5/2017
23	D		Vinnumynd	Hreinsun innan byggingar D og mælingar með alstöð	V	S.H.	15/5/2017
24			Vinnumynd	Hreinsun norður við byggingu A	SA	S.H.	15/5/2017
25	A	68773		Nærmynd af torfi, veggur 72	N	A.K.	16/5/2017
26		82178		Hryggur in situ (af lambi/kind)	V	V.E.S.	17/5/2017
27		82178		Hryggur in situ (af lambi/kind)	V	V.E.S.	17/5/2017
28	A	83620		Torfslitrur í vegg á húsi A	NV	S.T.	17/5/2017
29	A	83620		Torfslitrur í vegg á húsi A	SV	S.T.	17/5/2017
30	A		Vinnumynd	Yfirlitsmynd sýnir staðsetningu á draglóði	S	S.T.	17/5/2017
31	A		Vinnumynd	Nærmynd af draglóð [225]	Ofan	S.T.	17/5/2017
32	A		Vinnumynd	Torfslitrur [83620] við byggingu A og draglóð [225]	S	S.T.	17/5/2017
33			Vinnumynd	Lara og nemendur	A	S.T.	19/5/2017
34			Vinnumynd	Lara og gestur	SV	S.T.	19/5/2017
35			Vinnumynd	Lara og gestur	V	S.T.	19/5/2017
36			Vinnumynd	Védís Eir og alstöðin	NV	S.T.	19/5/2017
37			Vinnumynd	Lara og gestur	SV	S.T.	19/5/2017
38			Vinnumynd	Lara og gestur	SV	S.T.	19/5/2017
39		92	Steinar	Grjóthleðslur í A-horni	SV	B.M.S.	19/5/2017
40		92	Steinar	Grjóthleðslur í A-horni	SV	B.M.S.	19/5/2017
41		92	Steinar	Fiskisleggja, nærmynd við inngang í hús C	NA	B.M.S.	22/5/2017
42		92	Steinar	Fiskisleggja, fjærmynd við inngang í hús C	NA	B.M.S.	22/5/2017
43	F		Vinnumynd	Bygging F að koma í ljós	SV	B.M.S.	22/5/2017
44	F		Vinnumynd	Bygging F að koma í ljós	SV	B.M.S.	22/5/2017
45	F		Mannvistarlag	Bygging F að koma í ljós	SV	B.M.S.	22/5/2017
46	F		Mannvistarlag	Bygging F að koma í ljós	NA	B.M.S.	22/5/2017
47	F	83223	Mannvistarlag	Möguleg bygging S-við hús D	NA	J.V.G	22/5/2017
48	F	83223	Mannvistarlag	Möguleg bygging S-við hús D	NA	J.V.G	22/5/2017

49	F	83223	Mannvistarlag	Möguleg bygging S-við hús D	A	J.V.G	22/5/2017
50	F	84021	Mannvistarlag	Gangur í mannvirki F?	A	J.V.G	22/5/2017
51	F	84021	Mannvistarlag	Gangur í mannvirki F?	A	J.V.G	22/5/2017
52	A	Vinnumynd	Gripur in situ	Draglóð við byggingu A	SA	S.T.	17/5/2017
53	Austur v. D	83325	Mannvistarlag	Torf blandað lag suður af 82178	SV	S.H.	22/5/2017
54	Austur v. D	83325	Mannvistarlag	Torf blandað lag suður af 82178	NA	S.H.	22/5/2017
55	A	86005	Gripur in situ	Nærmynd af fiskisleggju [86141] brotin til helminga, in situ	NNA	A.K.	22/5/2017
56	A	86005	Gripur in situ	Nærmynd af fiskisleggju [86141] brotin til helminga, in situ	NNA	A.K.	22/5/2017
57	A	86005	Gripur in situ	Nærmynd af fiskisleggju [86141] brotin til helminga, in situ	NNA	A.K.	22/5/2017
58	A	86005	Gripur in situ	Nærmynd af fiskisleggjur [86140] og [86141], in situ	NNA	A.K.	22/5/2017
59	A	86005	Gripur in situ	Nærmynd af fiskisleggju [86140], in situ	V	A.K.	22/5/2017
60	A	86005	Gripur in situ	Nærmynd af fiskisleggju [86140], in situ	S	A.K.	22/5/2017
61	A	86005	Gripur in situ	Nærmynd af fiskisleggju [86140], in situ	S	A.K.	22/5/2017
62	A	86005	Gripur in situ	Nærmynd af fiskisleggjur [86140] og [86141], in situ	NV	A.K.	22/5/2017
63			Vinnumynd	Hermann að grafa	SA	S.T.	23/5/2017
64			Vinnumynd	Hermann að grafa	SA	S.T.	23/5/2017
65			Vinnumynd	Hermann að grafa	A	S.T.	23/5/2017
66			Vinnumynd	Hermann að grafa	S	S.T.	23/5/2017
67		82178	Skeljalag	Skeljalag í C#[82178] nærmynd	V	S.H.	23/5/2017
68		82178	Skeljalag	Skeljalag í C#[82178] yfirlitsmynd	V	S.H.	23/5/2017
69		90/91	Grjóthrun	Grjóthrun [90/91]?	NE	S.B.	23/5/2017
70		90/91	Grjóthrun	Grjóthrun [90/91]?	NE	S.B.	23/5/2017
71		90/91	Grjóthrun	Grjóthrun [90/91]?	NV	S.B.	23/5/2017
72		90/91	Grjóthrun	Grjóthrun [90/91]?	SV	S.B.	23/5/2017
73		90/91	Mannvistarlag	Mannvistarlag við S-A hluta byggingu A [90/91]	NA	S.B.	23/5/2017

74		90/91	Mannvistarlag	Mannvistarlag við S-A hluta byggingu A [90/91]	NV	S.B.	23/5/2017
75		68773	Hleðsla	Steinaröð í torfi	NV	H.J.H	24/5/2017
76		68773	Hleðsla	Steinaröð í torfi	NV	H.J.H	24/5/2017
77		68773	Hleðsla	Steinaröð í torfi, steinar fjarlægðir	NV	S.B.	24/5/2017
78		68773	Hleðsla	Steinaröð í torfi, steinar fjarlægðir, nærmynd	NV	S.B.	24/5/2017
79		83223	Vinnumynd	Fjarlæging á lagi [83223]	SV	B.M.S.	24/5/2017
80		83223	Vinnumynd	Fjarlæging á lagi [83223]	SV	B.M.S.	24/5/2017
81		83223	Vinnumynd	Fjarlæging á lagi [83223]	SV	B.M.S.	24/5/2017
82		83223	Vinnumynd	Fjarlæging á lagi [83223]	SV	B.M.S.	24/5/2017
83		83223	Vinnumynd	Skeljalag í lagi [83223]	S	B.M.S.	24/5/2017
84		83223	Vinnumynd	Skeljalag í lagi [83223], nærmynd	S	B.M.S.	24/5/2017
85	E	82178	Veggur	Veggjahrun í rými E	NV	V.E.S.	24/5/2017
86	E	82178	Veggur	Veggjahrun í rými E	NA	V.E.S.	24/5/2017
87	E	82178	Veggur	Veggjahrun í rými E	SA	V.E.S.	24/5/2017
88		82178	Veggur	Einkennilegur steinn með rákir	NV	V.E.S.	24/5/2017
89		82178	Veggur	Einkennilegur steinn með rákir	NA	V.E.S.	24/5/2017
90		68773	Torf	Hugsanlega 1500 og 1226 í torfi	NV	H.J.H	24/5/2017
91		68773	Torf	Hugsanlega 1500 og 1226 í torfi	NV	H.J.H	24/5/2017
92		82178	Bygging	Rými E, hugsanlega tvískipt	SV	S.H.	24/5/2017
93		82178	Bygging	Rými E, hugsanlega tvískipt	NV	S.H.	24/5/2017
94		82178	Bygging	Nærmynd af dekkra lagi	NV	S.H.	24/5/2017
95		84783	Skeljalag	Nærmynd af skeljalagi í N-A hluta byggingu F	SV	S.H.	24/5/2017
96		84783	Skeljalag	Fjarmynd af skeljalagi í N-A hluta byggingu F	SV	S.H.	24/5/2017
97		82178	Skeljalag	Nærmynd af ljósa lagi [82178] í rými E	NV	S.H.	24/5/2017
98		83223	Skeljalag	Skeljalag í byggingu F	NA	J.V.G	29/5/2017
99		83223	Skeljalag	Skeljalag í byggingu F	SA	J.V.G	29/5/2017
100		83223	Skeljalag	Skeljalag í byggingu F	SA	J.V.G	29/5/2017
101		83223	Skeljalag	Skeljalag í byggingu F	NA	J.V.G	29/5/2017
102	F	83223	Yfirlit	Yfirlitsmynd af F	NA	J.V.G	29/5/2017

103		84704	Gjóska	Gjóska 1500?	NA	H.J.H	29/5/2017
104		84704	Gjóska	Gjóska 1500?	NA	H.J.H	29/5/2017
105		84704	Gjóska	Gjóska 1500?	S	H.J.H	29/5/2017
106	F	83223 / 84021	Yfirlit	Yfirlit af F + gangi	VS	B.M.S.	29/5/2017
107	F	84783	Skeljalag	Búið að fjarlægja steinahrún úr vegg í NA horni á húsi F	NA	J.V.G	30/5/2017
108			Yfirlitsmynd	Yfirlitsmynd af svæði	NA	B.M.S.	30/5/2017
109			Yfirlitsmynd	Yfirlitsmynd af svæði	NA	B.M.S.	30/5/2017
110			Yfirlitsmynd	Yfirlitsmynd af A-enda svæðis	NA	B.M.S.	30/5/2017
111	D,E,F		Yfirlitsmynd	Yfirlitsmynd ad NV-enda svæðis	NA	B.M.S.	30/5/2017
112	D,E,F		Yfirlitsmynd	Yfirlitsmynd ad NV-enda svæðis	NA	B.M.S.	30/5/2017
113	A		Yfirlitsmynd	Yfirlitsmynd af miðju svæði	NA	B.M.S.	30/5/2017
114			Yfirlitsmynd	Yfirlitsmynd af svæði	NA	B.M.S.	30/5/2017
115	D		Yfirlitsmynd	Mynd af húsi D - nærmynd	V	S.B.	30/5/2017
116	D		Yfirlitsmynd	Yfirlitsmynd af húsi D	SV	S.B.	30/5/2017
117	D	85379	Mannvistarlag	Móaska í SV horni í húsi D	SV	S.B.	30/5/2017
118	D	85379	Mannvistarlag	Móaska í SV horni í húsi D	SV	S.B.	30/5/2017
119	D	85379	Vinnumynd	Vinnumynd sem sýnir staðsetningu móösku í SV horni húss D	SV	S.B.	30/5/2017
120	E	84153	Vinnumynd	Vinnumynd, hrún úr vegg	NA	S.H.	31/5/2017
121	E	84153	Vinnumynd	Vinnumynd, hrún úr vegg	NV	S.H.	31/5/2017
122	E	84153	Vinnumynd	Hugsanlega torfveggur S-V í rými E	NV	S.H.	31/5/2017
123	F	85772	Skeljalag	Hvalbein í skeljalagi / undir skeljalagi - nærmynd	NA	J.V.G	31/5/2017
124	F	85772	Skeljalag	Hvalbein í skeljalagi Tekin lengra frá n-a horni byggingar F	NA	J.V.G	31/5/2017
125		84153	Veggjahrun	Veggjahrun í rými E	NV	V.E.S.	31/5/2017
126		84153	Veggjahrun	Veggjahrun í rými E	NV	V.E.S.	31/5/2017
127		84153	Veggjahrun	Veggjahrun í rými E	SV	V.E.S.	31/5/2017
128		84153	Veggjahrun	Veggjahrun í rými E	SV	V.E.S.	31/5/2017



129	F	85772	Mannvistarlag	Yfirlitsmynd eftir hreinsun og eftir að skeljalagið hefur verið fjarlægt	NA	J.V.G	31/5/2017
130	F	85772	Mannvistarlag	Yfirlitsmynd eftir hreinsun og eftir að skeljalagið hefur verið fjarlægt - Hrun meðfram skeljalagi	S	J.V.G	31/5/2017
131		84021	Mannvistarlag	Mynd af svæði SA af byggingu F eftir hreinsun. Mögulega gangur sem tengist byggingu F.	NA	B.M.S.	31/5/2017
132		84021	Vinnumynd	Mynd af svæði SA af byggingu F eftir hreinsun. Mögulega gangur sem tengist byggingu F.	A	B.M.S.	31/5/2017
133		84021	Mannvistarlag	Nærmynd austan við [84021]	NV	B.M.S.	31/5/2017
134		84021	Mannvistarlag	Nærmynd austan við [84021]	NV	B.M.S.	31/5/2017
135			Vinnumynd	Nemendur við uppgröft	NNA	S.T.	31/5/2017
136			Vinnumynd	JVG og BMS að mæla með alstöð	N	S.T.	31/5/2017
137			Vinnumynd	JVG og BMS að mæla með alstöð	N	S.T.	31/5/2017
138			Vinnumynd	Jakob og Sigrún að sigta öskuhaug [100]	A	S.T.	31/5/2017
139	Öskuhaugur	100	Vinnumynd	Hulda að grafa [100]	NA	S.T.	31/5/2017
140	Öskuhaugur	100	Vinnumynd	Hulda að grafa [100]	NA	S.T.	31/5/2017
141		Vinnumynd	Öskuhaugur	Jakob, Sigrún og Hulda í [100]	V	S.T.	31/5/2017
142	F	Vinnumynd	Mannvistarlag	Yfirlitsmynd: hornið NA í byggingu F eftir hreinsun á vegg	SA	J.V.G	31/5/2017
143	F	Vinnumynd	Mannvistarlag	Nærmynd af horni í byggingu F - veggur hreinsaður eftir lag / af lagi [85772]	NA	J.V.G	31/5/2017
144	A	86005	Snið	Vestursnið í öskuhaug [86195]	V	S.T.	1/6/2017
145	A	86005	Snið	Vestursnið í öskuhaug [86195]	V	S.T.	1/6/2017
146	A	86005	Snið	Vestursnið í öskuhaug [86195]	V	S.T.	1/6/2017
147	A	86005	Snið	Vestursnið í öskuhaug [86195]	V	S.T.	1/6/2017
148		86005	Snið	N-snið í prufuskurði í öskuhaug án skala	NA	S.T.	1/6/2017
149		86005	Snið	N-snið í prufuskurði í öskuhaug án skala	NA	S.T.	1/6/2017
150		86005	Snið	N-snið í prufuskurði í öskuhaug án skala	NA	S.T.	1/6/2017
151		86005	Snið	N-snið í prufuskurði í öskuhaug án skala	NA	S.T.	1/6/2017
152		86005	Snið	N-snið í prufuskurði í öskuhaug án skala	NA	S.T.	1/6/2017

153		86005	Snið	N-snið í prufuskurði í öskuhaug án skala	NA	S.T.	1/6/2017
154		86005	Snið	N-snið í prufuskurði í öskuhaug án skala	NA	S.T.	1/6/2017
155		86005	Snið	N-snið í prufuskurði í öskuhaug án skala	NA	S.T.	1/6/2017
156		86005	Snið	N-snið í prufuskurði í öskuhaug án skala	NA	S.T.	1/6/2017
157		86005	Snið	N-snið í prufuskurði í öskuhaug án skala	NA	S.T.	1/6/2017
158		86005	Snið	N-snið í prufuskurði í öskuhaug án skala	NA	S.T.	1/6/2017
159		86005	Snið	N-snið í prufuskurði í öskuhaug án skala	NA	S.T.	1/6/2017
160		86005	Snið	N-snið í prufuskurði í öskuhaug án skala	NA	S.T.	1/6/2017
161		86005	Snið	N-snið í prufuskurði í öskuhaug án skala	NA	S.T.	1/6/2017
162		86005	Snið	N-snið með skala, tekið frá V til A	NA	S.T.	1/6/2017
163		86005	Snið	N-snið með skala, tekið frá V til A	NA	S.T.	1/6/2017
164		86005	Snið	N-snið með skala, tekið frá V til A	NA	S.T.	1/6/2017
165		86005	Snið	N-snið með skala, tekið frá V til A	NA	S.T.	1/6/2017
166		86005	Snið	N-snið með skala, tekið frá V til A	NA	S.T.	1/6/2017
167		86195	Snið	A-snið á skurði 86195, engin mannvist sjáanleg í A-sniði	A	S.T.	1/6/2017
168		86195	Skurður	Könnunarskurður í öskuhaug [86005]	A	S.T.	1/6/2017
169		86195	Skurður	Könnunarskurður í öskuhaug [86005]	A	S.T.	1/6/2017
170		86195	Skurður	Könnunarskurður í öskuhaug [86005] Afstaða við vegg [72] í byggingu A	A	S.T.	1/6/2017
171		86195	Skurður	Nemendur á síðasta degi uppgrafter	A	S.T.	1/6/2017
172	D	Vinnumynd	Mannvirki	SV-horn í byggingu D	S	S.T.	1/6/2017
173		86195	Skurður	Yfirlitsmynd af skurði [86195]	NA	S.T.	1/6/2017
174		86195	Skurður	Yfirlitsmynd af skurði [86195]	NA	S.T.	1/6/2017
175	D	Vinnumynd	Eldstæði?	Suðvestur horn í byggingu D - mögulegt eldstæði	SV	S.B.	1/6/2017
176	D	Vinnumynd	Eldstæði?	Suðvestur horn í byggingu D - mögulegt eldstæði	SA	S.B.	1/6/2017
177	D	Vinnumynd	Eldstæði?	Afstöðumynd af mögulegu eldstæði í byggingu D	SA	S.B.	1/6/2017
178		Yfirlitsmynd	Yfirlitsmynd	Yfirlitsmynd af uppgrafter svæði	NA	B.M.S.	2/6/2017
179		Vinnumynd	Vinnumynd	Uppgrafter svæðið opnað	A	S.T.	9/5/2017

180		Vinnumynd	Vinnumynd	Uppgraftarsvæðið opnað	N	S.T.	9/5/2017
181		Vinnumynd	Vinnumynd	Nemendur og leiðbeinendur við uppgröft	A	L.M.H.	11/5/2017
182		Vinnumynd	Vinnumynd	Nemendur og leiðbeinendur við uppgröft	ANA	L.M.H.	11/5/2017
183		Vinnumynd	Vinnumynd	Nemendur og leiðbeinendur við uppgröft	VSV	L.M.H.	11/5/2017
184		Vinnumynd	Vinnumynd	Nemandi með hausnúpu af fugli		L.M.H.	12/5/2017
185		Vinnumynd	Vinnumynd	Nemendur við frágang á gripum í stofu fornleifafræðinnar í Háskóla Íslands. Samsett mynd		L.M.H.	12/5/2017
186		Vinnumynd	Vinnumynd	Gripir í þurrkun		L.M.H.	18/5/2017
187		Vinnumynd	Vinnumynd	Nemendur og leiðbeinendur við uppgröft	S	L.M.H.	19/5/2017
188		Vinnumynd	Vinnumynd	Nemendur og leiðbeinendur við uppgröft	V	L.M.H.	19/5/2017
189		Vinnumynd	Vinnumynd	Nemendur og leiðbeinendur við uppgröft	ANA	L.M.H.	19/5/2017
